Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Ásgeir Eiríksson

Fífuhjalli 11
200 Kópavogur

Kópavogi, 24. mars 2020
2001088/510.03 GEF

Efni: Fífuhjalli 11. Rökstuðningur á ákvörðun skipulagsráðs.

Undirritaðri hefur verið falið að svara erindi þínu, dags. 26. febrúar 2020, þar sem óskað er eftir rökstuðningi á ákvörðun skipulagsráðs. dags. 17. febrúar sl., sem var staðfest af bæjarstjórn 25. s.m., þar sem hafnað var að gera breytingar á húsinu að Fífuhjalla 11. Var óskað eftir því að breyta skráningu einbýlishúss í tvíbýli auk þess að koma fyrir svölum á efri hæð hússins sem og að bæta við bílastæði á lóðinni.

Höfnun skipulagsráðs var fyrst og fremst byggð á þeim forsendum að ekki er hægt að heimila bílastæði á lóðinni á þeim stað sem tillagan gerir ráð fyrir, þar sem bílstæðið er staðsett of nálægt gangbraut. Samkvæmt a.lið 1. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ekki heimilt að stöðva ökutæki eða leggja því á gangbraut eða innan 5 metra frá henni. Staðsetning á greindu bílastæði er minna en 5 metrar. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 1,5 bílastæði á íbúð. Var það mat skipulagsráðs að þar sem ekki er mögulegt að koma fyrir þriðja bílastæðinu inn á lóðinni, líkt og gert var ráð fyrir í framlagðri tillögu, væru skilyrði gildandi skipulagsskilmála ekki uppfyllt og af þeim sökum óhjákvæmilegt að hafna erindinu.

Afgreiðsla á erindinu hefur dregist sökum mikill anna á síðustu dögum og vikum og er beðist velvirðingar á því.

f.h. skipulagsráðs,

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026